



Stefnuyfirlýsing
Íþróttafélagsins Hattar gegn
einelti



Stefnuyfirlýsing Íþróttafélagsins Hattar gegn einelti

Íþróttafélagið Höttur á að vera öruggur staður til íþróttaiðkunar og skal starfið ætíð einkennast af virðingu. Íþróttafélagið Höttur líður ekki einelti og leggur áherslu á uppbyggingu og jákvæð samskipti á milli iðkenda, þjálfara og forsvarsmanna deilda, þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir eigin hegðun.

Verði vart við hegðun sem ekki samræmist stefnu Hattar, ber að stöðva hana þegar í stað. Mikilvægt er að leysa öll þau mál sem upp koma á sem farsælastan hátt.

Hvernig komum við í veg fyrir einelti?

Þjálfarar taki tafarlaust og af röggsemi á þeim vandamálum sem upp koma. Starfsfólk og þjálfarar Íþróttafélagsins Hattar eru fyrirmyndir hvar sem þeir koma og fylgjast m.a. með samskiptum iðkenda innan vallar og utan á vegum félagsins. Íþróttafélagið Höttur aðstoðar starfsfólk og þjálfara með því að veita handleiðslu og fræðslu til að styðja við jákvæða framkomu og hegðun iðkendanna.

Náið samstarf er á milli ÍFH, grunnskólanna á svæðinu og foreldra iðkenda. Um þetta samstarf ríkir samkomulag á milli allra aðila.

Annað sem þjálfarar/yfirmenn deilda ÍFH gera (geta gert) til að sporna við einelti:

- Þjálfarar leitast við það að finna jákvæðar hliðar hvers iðkanda og hafa hrós og jákvæð samskipti í fyrirrúmi.
- Þjálfarar skipta alltaf í lið/hópa, við kjósum aldrei í lið/hópa.
- Þjálfarar/forráðamenn raða iðkendum í sæti í rútum/bíla á ferðum félagsins og í herbergi ef gist er.
- Þjálfarar refsa ekki öllum hópnum fyrir brot eins iðkanda.
- Við bregðumst strax við og tökum á því ef einhver talar niðrandi um annan, hvort sem hann er viðstaddur eða ekki.
- Við tökum strax á því ef óviðeigandi orðaforði er notaður á æfingum og í keppni.
- Við þössum að allir iðkendur séu virkir á æfingum og þeir séu ekki útilokaðir/hunsaðir af öðrum iðkendum.
- Við gefum öllum iðkendum tækifæri til þess að taka þátt í leikjum. Enginn iðkandi ætti að upplifa það að fara í keppnisferð og fá ekkert að taka þátt í leiknum.
- Ávalt skal fullorðinn eftirlitsaðili fylgja hópnum á vegum félagsins
- Öllum iðkendum, foreldrum og forráðamönnum, er gert það ljóst að andfélagsleg hegðun verður ekki liðin innan Hattar.



- Iðkendur eru hvattir til þess að segja frá því ef þeim líður illa og þeim gert ljóst að þeir geta talað við þjálfara sína í fyllsta trúnaði.
- Allt starfsfólk, þjálfarar og forsvarsmenn deilda þekkja stefnu félagsins og hafa skuldbundið sig til þess að gera sitt besta til að fylgja henni í hvívetna.
- Þjálfarar eru fyrirmyndir iðkenda og ber að hafa stefnu Hattar að leiðarljósi hvar sem þeir eru á vegum félagsins.
- Foreldrar láti forstöðumenn/þjálfara vita ef grunur leikur á einelti, svo þeir geti verið vel með á nótunum.
- Deildir skulu reglulega halda fræðslufundi fyrir þjálfara, foreldra og forráðamenn deilda þar sem stefna Hattar í eineltismálum er í fyrirrúmi.
- Aðalstjórn skal á hverju ári taka eineltisáætlun Hattar til skoðunar og ræða framgang hennar.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, þar sem einn eða fleiri ráðast endurtekið á ákveðinn einstakling. Einelti getur brotist út sem munnlegar árásir, útskúfun, hunsun, rafrænt einelti, illt umtal, andlegt og líkamlegt ofbeldi.

Nokkur dæmi um einelti:

- Skilja útundan, þ.e.a.s. að neita viðkomandi um aðgang að hópnum.
- Tala illa um einhvern, ógna eða hæðast að með orðum. Tala niðrandi til annars og vera með særandi athugasemdir um viðkomandi.
- Hrinda, sparka, berja, klóra, binda, elta, uppnefna, eyðileggja eignir.
- Halda einhverjum föstum eða loka inni gegn vilja.
- Hunsu/útiloka einhvern.

Vísbendingar um einelti:

- Komið heim úr skóla/íþróttæfingum með skemmd föt.
- Sár, klór eða aðrir líkamlegir áverkar sem erfitt er að útskýra.
- Persónulegar eigur skemmdar.
- Hræðsla við að fara til og frá íþróttæfingu.
- Illa mætt á íþróttæfingar.
- Mætt of seint á æfingar.
- Forðast ákveðnar aðstæður, eins og t.d. að vera innan um ákveðna einstaklinga innan hópsins.



Vinnuferli í eineltismálum

Komi upp grunur um einelti innan félagsins láta þjálfarar formenn viðkomandi deildar vita og gera grein fyrir málavöxtu.

Þjálfarar ræða því næst bæði við meintan geranda og þolanda, hvorn í sínu lagi.

- Geranda/þolanda skal ræða við einan eða í viðurvist foreldra/forráðamanna.
- Aldrei skal ræða þessi mál í viðurvist annarra iðkenda og muna að trúnaður við bæði þolanda og geranda skal í hávegum hafður.
- Sýna skal fyllstu kurteisi og geranda skal gert það ljóst að einelti er ekki liðið og að gert er ráð fyrir því að þeir vilji bæta ráð sitt strax.
- Í viðtali við gerendur er lögð áhersla á:
 - Að sýna þeim fram á að staða málsins sé þekkt „við vitum...“
 - Boðskapurinn um að það eigi að hætta einelti er settur fram af alvöru og ákveðni.
 - Sagt er frá því að fylgst verði með frekari þróun málsins: vöktun. Fundað aftur t.d. eftir viku.
 - Það hefur neikvæðar afleiðingar í för með sér ef eineltið hættir ekki strax.

Þjálfari í samráði við formann deildar lætur foreldra beggja iðkenda vita, auk skólustjóra þess skóla við hvern iðkendur stunda nám. Nauðsynlegt er að allir taki höndum saman og fylgist með hvernig gengur.

Þjálfarar fylgist með hegðun og framkomu iðkenda svo lítið beri á.

Innan ákveðins tíma (ekki skal líða lengra en ein vika) er aftur rætt við þolanda og kannað hvernig málin standa. Sé enn um einelti að ræða og þolanda líður enn illa skal aftur rætt við geranda og foreldra/forráðamenn.

Formður viðkomandi deildar skráir niður ferli málsins frá byrjun. Hvernig tekið var á málinu, því fylgt eftir og hvort/hvernig það leystist. Fara verður mjög varlega með allar upplýsingar. Nauðsynlegt er að halda trúnað við alla aðila og þagnarskylda ríkir um öll mál iðkenda, en þó þarf að halda þjálfurum upplýstum um framvindu mála.

Ef hegðun linnir ekki þarf að athuga hvort báðum aðilum er fyrir bestu að geranda sé vísað frá æfingum og keppni eða aðrir valkostir í stöðunni athugaðir. Á sama við um agamál sem ekki er unnt að leysa strax, svo sem endurtekin truflun á æfingum og óásættanleg framkoma gagnvart öðrum iðkendum, þjálfurum eða starfsfólki. Slík mál skal leysa með samráði þjálfara, ábyrgðarmanna og stjórnar deildarinnar. Skal ávallt hafa foreldra með í ráðum og skulu þeir upplýstir um alla fleti málsins.



Komi upp grunur um einelti hjá einhverri deilda Hattar ber tafarlaust að láta viðkomandi formann vita sem skal upplýsa um viðkomandi mál á næsta stjórnarfund. Hægt er að finna lista yfir formenn deilda inni á hottur.is.

Skráningarblöð vegna ferils eineltismála eru á heimasíðu félagsins. Eiga allir formenn og þjálfarar að vita um staðsetningar blaðanna.

Ef foreldrar/ábyrgðarmenn telja að viðkomandi deild vinni ekki eftir eineltisáætlun Hattar getur viðkomandi haft samband við viðbragðsteymi Hattar. Viðbragðsteymið kannar síðan málavexti viðkomandi máls og metur til hvaða aðgerða þurfi að taka. Hægt er að finna nánari upplýsingar um viðbragðsteymi Hattar inna á heimasíðu félagsins.

Egilsstaðir, Aðalfundur 7 apríl 2011
Endurnýjað og samþykkt á aðalfundir Hattar 13.04.2018

**Grunur um einelti****Dags.** _____

Nafn þolanda: _____

Nafn geranda: _____

Hvar gerðist atvikið: _____

Hvað gerðist:

Fundur vegna gruns um einelti**Dags.** _____

Hverjir sátu fundinn:

Helstu niðurstöður:

Hittumst næst: _____